

FRÁSÖGN

af fundum sendinefndar þingmannanefndar EFTA í Kostaríka og Panama 21.-25. janúar 2013

Dagana 21.-25. janúar heimsótti sendinefnd þingmannanefndar EFTA San José, höfuðborg Kostaríka, og Panamaborg, höfuðborg Panama. Markmið heimsóknarinnar var að eiga viðræður við þingmenn, stofnanir og hagsmunaaðila í löndunum tveimur um ávinning áformaðs fríverslunarsamnings EFTA og fjögurra Mið-Ameríkuríkja, Kostaríka, Panama, Gvatemala og Hondúras. Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA áttu sæti í sendinefndinni Árni Þór Sigurðsson og Þorgerður K. Gunnarsdóttir, auk Stígs Stefánssonar ritara. Árni Þór var jafnframt formaður sendinefndarinnar.

Fríverslunarsamningum hefur fjölgað ört á undanförunum árum og hafa samtök ríkja og einstök lönd beint sjónum sínum að gerð tvíhliða fríverslunarsamninga. EFTA hefur verið í fararbroddi á þessu sviði og eru gildir fríverslunarsamningar EFTA nú 24 talsins og taka til 33 ríkja. Engin ríkjasamtök hafa náð meiri árangri í gerð fríverslunarsamninga að ESB undanskildu. Þingmannanefnd EFTA hefur á undanförunum árum stutt dyggilega við gerð fríverslunarsamninga samtakanna og hefur beitt sendinefndum og þingmannaheimsóknum til þess að kynna og afla stuðnings við gerð fríverslunarsamninga EFTA.

Formlegar fríverslunarviðræður EFTA við fjögur Mið-Ameríkuríki, Kostaríka, Panama, Gvatemala og Hondúras, hófust í nóvember 2011. Fimm viðræðulotur hafa farið fram og nú er svo komið að efnislegum viðræðum við Kostaríka og Panama er að mestu lokið þó að eftir standi að ganga frá ýmsum tækniatriðum. Vonast er til að viðræðum við Gvatemala og Hondúras geti lokið í febrúar. Um einn samning er að ræða milli EFTA-ríkjanna annars vegar og ríkjanna fjögurra hins vegar. Vonir standa til að hann verði tilbúinn til undirritunar um mitt ár 2013. Samningurinn mun verða „annarrar kynslóðar“ fríverslunarsamningur en í því felst að auk þess að taka til vöruviðskipta mun hann ná til þjónustuviðskipta, fjárfestinga og opinberra innkaupa. Samningurinn mun jafna samkeppnisaðstöðu fyrirtækja í EFTA-ríkjunum gagnvart fyrirtækjum innan ESB og Bandaríkjanna sem bæði hafa gert fríverslunarsamninga við Mið-Ameríkuríkin.

Í San José hitti sendinefnd þingmannanefndar EFTA eftirtalda aðila á fundum: Victor Granados þingforseta, Maria Ruiz formann utanríkismálanefndar auk fleiri fulltrúa úr nefndinni í þinghúsi; Luis Liberman varaforseta Kostaríka og Fernando Ocampo aðstoðarráðherra viðskiptamála í forsetahöllinni; og Jamie Molina forseta viðskiptaráðs Kostaríka auk fleiri fulltrúa ráðsins. Í málflutningi EFTA-þingmanna var hnykkt á fáum en skýrum skilaboðum. Áhersla var lögð á það að EFTA-ríkin og Kostaríka ættu margt sameiginlegt sem fámenn ríki sem stunda alþjóðaviðskipti að krafti. Þá láta ríkin sig umhverfismál og loftslagsbreytingar mjög varða og leggja áherslu á sjálfbæra þróun. Þrátt fyrir að hagkerfin séu ólík eru mikil tækifæri fyrir aukin viðskipti og mikilvægt er að fríverslunarsamningur verði lyftistöng aukinnar efnahagssamvinnu. Þar að auki gæti samningurinn orðið hvatning að samvinnu á öðrum sviðum, t.d. í menningu eða umhverfismálum. Í framsöguerindum sínum á fundunum í San José lagði Árni Þór Sigurðsson sérstaka áherslu á að umhverfismál og vinnumarkaðsmál væru nú hluti af fríverslunarsamningum EFTA en í formálsorðum í nýrri samningum er kveðið á um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og vinnuvernd og réttindi starfsmanna í samræmi við samninga Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar. Tiltók hann sérstaklega árangur Kostaríka við að bregðast við stórfelldri skógareyðingu en á undanförunum árum hafa skógar landsins stækkað hratt á nýjan leik. Þá hefur landið sérstaka stöðu vegna einstakrar dýra- og plöntuflóru en líffræðilegur fjölbreytileiki er hvergi meiri en í Kostaríka. Þá lagði Árni Þór áherslu á að möguleikar kynnu að vera á samstarfi Íslands og Kostaríka á sviði jarðvarmavirkjunar. Auk funda um fríverslunarmál í þjóðþingi Kostaríka fór þar fram sérstök málstofa um starfshætti í þjóðþingum

þar sem fulltrúar Alþingis, norska Stórþingsins og svissneska þingsins fóru yfir ýmsa þætti vinnulags í sínum þingum.

Viðmælendur í Kostaríka lögðu áherslu á að með samningi við EFTA næðu fríverslunarsamningar landsins til Evrópu allrar sem væri mikilvægt til að efla viðskipti við álfuna. Jafnframt kynntu þeir tvö helstu áherslumál sín í utanríkismálum, að fá aðild að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og framboð fulltrúa ríkisstjórnar landsins til embættis framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáráðsinnar (WTO).

Í Panamaborg átti sendinefnd þingmannanefndar EFTA fundi með eftirtöldum: Sergio Gálvez þingforseta og Dalíu Bernal formanni utanríkismálanefndar auk fleiri fulltrúa úr nefndinni í þinghúsi; José Pacheco aðstoðarráðherra í viðskiptaráðuneytinu; og Irvin Halman forseta viðskiptaráðs Panama auk fleiri fulltrúa ráðsins. Málflutningur EFTA-þingmanna var að mestu samhljóða þeim boðskap sem borinn var upp á fundum í Kostaríka og lýst er að framan. Nokkur áhersla var á sérstöðu Panama í alþjóðlegum viðskiptum er varða vöruflutninga á sjó í ljósi Panamaskurðarins. Ýmis þjónusta honum tengd, svo sem skipaskráning og –tryggingar, eru stórar greinar í efnahagslífi landsins.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.efta.int.